

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/45/EB

2008/EES/45/29

frá 7. september 2005

um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út og um breytingu á tilskipun 2001/25/EB (*)

EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í niðurstöðum sínum frá 5. júní 2003 um að bæta ímynd siglinga í Bandalaginu og laða ungmenni að sjómennsku lagði ráðið áherslu á nauðsyn þess að stuðla að hreyfanleika sjómanna innan Evrópusambandsins og lagði það sérstaka áherslu á beitingu málsmeðferðar til að viðurkenna atvinnuréttindaskírteini sjómanna, jafnframt því að tryggja að hvergi væri vikið frá kröfum samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), með áorðnum breytingum.
- 2) Flutningar á sjó eru hratt vaxandi atvinnugrein sem er í eðli sínu alþjóðleg. Þar eð sjómönnum fer sífellt fækkandi í Bandalaginu er auðveldara að halda jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á starfsfólki í Bandalaginu í heild fremur en í hverju landi fyrir sig. Þess vegna er brýnt að færa út sameiginlega stefnu í flutningum á sjó til að greiða fyrir ferðum sjómanna innan Bandalagsins.
- 3) Að því er varðar menntun og þjálfun sjómanna hefur Bandalagið mælt fyrir um lágmarkskröfur um menntun þeirra, þjálfun og skírteini með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarkspjálfun sjómanna ⁽³⁾. Með þeirri tilskipun eru staðlar um alþjóðlega þjálfun, útgáfu skírteina og vöktun, sem mælt er fyrir um í STCW-samþykktinni, teknir upp í lög Bandalagsins.
- 4) Samkvæmt tilskipun 2001/25/EB skulu sjómenn hafa atvinnuréttindaskírteini, sem lögbær yfirvöld í aðildarríki gefa út og árita í samræmi við þá tilskipun, og sem veitir lögmætum handhafa þess rétt til að takast

á hendur störf um borð í skipi á því starfssviði og með þeirri ábyrgð sem tilgreint er í skírteininu.

- 5) Samkvæmt tilskipun 2001/25/EB skal gagnkvæm viðurkenning milli aðildarríkja á skírteinum sjómanna, hvort sem þeir eru ríkisborgarar aðildarríkis eða ekki, falla undir tilskipanir 89/48/EBE ⁽⁴⁾ og 92/51/EBE ⁽⁵⁾ um að innleiða annars vegar fyrsta og hins vegar annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun. Í hvorugri tilskipuninni er gert ráð fyrir sjálfkrafa viðurkenningu á formlegri menntun og þjálfun sjómanna þar eð sjómenn kunna að falla undir aðlögunarráðstafanir.
- 6) Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna öll skírteini og annan vitnisburð um formlega menntun og þjálfun sem annað aðildarríki gefur út í samræmi við tilskipun 2001/25/EB. Sérhvert aðildarríki skal því leyfa sjómanni sem í öðru aðildarríki hefur fengið atvinnuréttindaskírteini, sem fullnægir kröfum þessarar tilskipunar, að hefja eða stunda sjómennsku, sem hann hefur menntun og þjálfun til, án annarra skilyrða en þess eigin ríkisborgarar verða að uppfylla.
- 7) Þar eð tilskipun þessi miðar að því að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum eru ekki settar reglur um skilyrði fyrir aðgangi að störfum.
- 8) Í STCW-samþykktinni eru tilgreindar kröfur um tungumálakunnáttu sjómanna. Taka skal þessar kröfur upp í lög Bandalagsins til að tryggja skilvirk samskipti um borð í skipum og auðvelda frjálsa för sjómanna innan Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 160. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 1.6.2006, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 157, 28.6.2005, bls. 53.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 23. febrúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 27. júní 2005.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/23/EB (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2005, bls. 14).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. (Stjtið EB L 19, 24.01.1989, bls. 16.) Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB (Stjtið. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE (Stjtið. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25). Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/108/EB (Stjtið. ESB L 32, 5.2.2004, bls. 15).

9) Mikil fjölgun atvinnuréttindaskírteina sjómanna, sem fengin eru með sviksamlegum hætti, stofnar siglingaöryggi og umhverfi sjávar í hættu. Í flestum tilvikum fullnægja handhafar atvinnuréttindaskírteina, sem eru fengin með sviksamlegum hætti, ekki lágmarkskröfunum í STCW-samþykktinni. Þeir sjómenn geta hæglega átt þátt í sjóslysum.

10) Aðildarríkin skulu því gera sértækar ráðstafanir og framfylgja þeim til þess að koma í veg fyrir og refsa fyrir sviksamlegt athæfi, sem tengist atvinnuréttindaskírteinum, auk þess að beita sér fyrir því á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að ná framfylgjanlegum samningum sem innihalda ströng ákvæði um alþjóðlega baráttu gegn slíku athæfi. Nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) er rétti vettvangurinn til þess að miðla upplýsingum, reynslu og bestu starfsvenjum í þessu tilliti.

11) Með reglugerð (EB) nr. 1406/2002⁽¹⁾, er Siglingaöryggisstofnun Evrópu (stofnuninni) komið á fót í þeim tilgangi að tryggja hátt og samræmt stig öryggis- og mengunarvarna sem skilar árangri á sviði siglinga. Eitt þeirra verkefna sem stofnuninni er falið er að aðstoða framkvæmdastjórnina við vinnu hvers kyns verkefna sem henni eru falin samkvæmt löggjöf Bandalagsins sem gildir um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna skipa.

12) Stofnunin skal því aðstoða framkvæmdastjórnina við að sannprófa hvort aðildarríkin fara að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og tilskipun 2001/25/EB.

13) Gagnkvæm viðurkenning milli aðildarríkjanna á skírteinum sjómanna, hvort sem þeir eru ríkisborgarar aðildarríkis eða ekki, fellur ekki lengur undir tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE en skal aftur á móti falla undir ákvæði þessarar tilskipunar.

14) Því ber að breyta tilskipun 2001/25/EB til samræmis við þetta.

15) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðunum með þessari tilskipun, nánar tiltekið gagnkvæmri viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út, og sökum þess að líklegra er að þau náist á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

16) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamnings um betri lagasetningu⁽²⁾ eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sín eigin yfirlit sem, eftir því sem kostur er, sýna samsvörum milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um sjómenn sem:

- eru ríkisborgarar aðildarríkis,
- eru ekki ríkisborgarar aðildarríkis en eru handhafar skírteinis sem aðildarríki gefur út.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sjómaður“: einstaklingur sem hlýtur þjálfun og hefur undir höndum skírteini, sem aðildarríki gefur út, sem er a.m.k. í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 2001/25/EB,
- „skírteini“: gilt skjal í skilningi 4. gr. tilskipunar 2001/25/EB,
- „viðeigandi skírteini“: skírteini eins og það er skilgreint í 27. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/25/EB,
- „áritun“: gilt skjal sem lögbært yfirvald aðildarríkis gefur út í samræmi við 2. og 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/25/EB,
- „viðurkenning“: samþykki lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkis á skírteini eða viðeigandi skírteini sem annað aðildarríki gefur út,
- „gístiaðildarríki“: aðildarríki þar sem sjómaður sækist eftir viðurkenningu á viðeigandi skírteini sínu eða skírteinum eða öðru skírteini eða skírteinum,
- „STCW-samþykktin“: alþjóðasamningur um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna frá 1978, með áorðnum breytingum,
- „STCW-kóði“: kóði um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna eins og þær voru samþykktar með 2. ályktun ráðstefnu aðila að STCW-samþykktinni árið 1995, með áorðnum breytingum,
- „stofnunin“: Siglingaöryggisstofnun Evrópu sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1406/2002.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtúð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 724/2004 (Stjtúð. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtúð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

3. gr.

Viðurkenning skírteina

1. Hvert aðildarríki skal viðurkenna viðeigandi skírteini eða önnur skírteini, sem annað aðildarríki gefur út, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2001/25/EB.
2. Viðurkenning viðeigandi skírteina skal takmarkast við starfssvið, störf og ábyrgðarsvið sem þar er lýst og þeim fylgja áritun til staðfestingar á slíkri viðurkenningu.
3. Aðildarríkin skulu í samræmi við innlenda löggjöf og málsmeðferð tryggja rétt til málskots þegar neitað er að árita gilt skírteini eða svör fást ekki.
4. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær yfirvöld gístiaðildarríkis sett frekari takmarkanir á starfssvið, störf og ábyrgðarsvið í tengslum við strandsiglingar sem um getur í 7. gr. tilskipunar 2001/25/EB eða önnur skírteini sem eru gefin út samkvæmt reglu VII/1 í I. viðauka við tilskipun 2001/25/EB.
5. Gístiaðildarríki skal sjá til þess að sjómenn, sem leggja fram skírteini til viðurkenningar á störfum á stjórnunarsviði, hafi fullnægjandi þekkingu á siglingalöggjöf þess aðildarríkis er lýtur að þeim störfum sem þeim er heimilt að gegna.

4. gr.

Breytingar á tilskipun 2001/25/EB

Tilskipun 2001/25/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. gr. komi:

„4. gr.

Skírteini

Með skírteini er átt við gilt skjal, hvaða nafni sem það kann að nefnast, sem lögbært yfirvald í aðildarríki gefur út eða heimilar að sé gefið út í samræmi við 5. gr. og kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„7. gr. a

Komið í veg fyrir svik og annað ólögmaett athæfi

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir og framfylgja þeim til þess að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi og annað ólögmaett athæfi í tengslum við útgáfu skírteina eða skírteini sem lögbær yfirvöld þeirra gefa út og árita og skulu ákveða refsingu sem er skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hefur letjandi áhrif.

2. Aðildarríkin skulu tilnefna innlend yfirvöld sem eru til þess bær að koma upp um og berjast gegn svikum og öðru ólögmaettu athæfi og að skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja og þriðju landa vegna útgáfu á skírteinum sjómanna.

Aðildarríkin skulu þegar í stað koma upplýsingum um slík lögbær, innlend yfirvöld á framfæri við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

Aðildarríkin skulu þegar í stað koma upplýsingum um slík lögbær, innlend yfirvöld á framfæri við þriðju lönd sem

þau hafa gert samkomulag við í samræmi við lið 1.2 í reglu I/10 í STCW-samþykktinni.

3. Að beiðni gístiaðildarríkis skulu lögbær yfirvöld annars aðildarríkis útvega skriflega staðfestingu eða neitun á því að skírteini sjómanna, samsvarandi áritun eða önnur skrifleg sönnunargögn um þjálfun, sem gefin eru út í því aðildarríki, séu ósvikin.“

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. falli niður frá og með 20. október 2007.

4. Eftirfarandi greinar bætist við:

„21. gr. a

Reglubundið eftirlit með því að farið sé að kröfum

Með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 226. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1406/2002 (*), sannprófa með reglubundnu millibili og a.m.k. fimmta hvert ár að aðildarríkin fari að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

21. gr. b

Skýrsla um uppfyllingu krafna

Eigi síðar en 20. október 2010 skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu og ráðinu matsskýrslu sem er samin á grundvelli upplýsinga sem er aflað skv. 21. gr. a. Í skýrslunni skal framkvæmdastjórnin kanna að hve miklu leyti aðildarríkin uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og, ef nauðsyn krefur, leggja fram tillögur um viðbótarráðstafanir.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið EB L 208, 5.8.2002, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 724/2004 (Stjtið ESB L 129, 29.4.2004, bls. 1).“

5. Eftirfarandi málsgrein bætist við í I. kafla I. viðauka:

„1a. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sjómenn hafi fullnægjandi tungumálakunnáttu, eins og skilgreint er í þáttum A-II/1, A-III/1, A-IV/2 og A-II/4 í STCW-kóðanum, þannig að þeir geti sinnt skyldustörfum sínum á skipi sem siglir undir fána gístiaðildarríkis.“

5. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. október 2007. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. Borrell Fontelles

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. Clarke

forseti.